



Grunnur að Húsi Íslenskra fræða er hefðbundið jarðvinnuverk þ.e. uppúrtekt, sprengingar og fyllingar. Að auki er borað fyrir lögnum úr grunni sem liggja undir Suðurgötu og meðfram Háskóla Íslands.

Verkefnið er unnið eftir BREEAM umhverfisstaðli. BREEAM staðallinn felur í sér að markvisst er reynt að draga úr umhverfisáhrifum vegna verkefnisins. Meðal annars þarf verkkaupi að gera áætlanir um notkun orkugjafa, fylgjast með notkuninni og bera saman.

Starfsmenn eru hvattir til að draga úr orkunotkuninni og/eða að leita leiða til að umhverfisáhrif Hús íslenskra fræða - jarðvinna verði minni t.d. með breyttum aðferðum o.fl. Þá er mikið lagt upp úr upplýsingaskyldu til nágretta og að halda góðum tengslum við þá með það að markmiði að truflun vegna verkefnis verði sem minnst.

Með það í huga mun sprengingum komið þannig fyrir að einungis var sprengt á ákveðnum tíma sólarhringsins og nágroñnum verður tilkynnt um það, einnig verða nágroñnar látnir vita hvenær sprengingar hefjast og þegar þeim er lokið.

Dregið verður eins og hægt er úr rykmengun m.a. með ákveðnu aksturslagi og dekk vörubifreiða hreinsuð áður en bílarnir fara út á nærliggjandi götur. Til að valda íbúum í nærliggjandi byggingum ekki óþarfa ónæði, mun aðeins verða unnið við jarðvinnuframkvæmdir á virkum dögum.

Verkkaupi

[Mennta- og menningarmálaráðuneyti](#)

Upphaf framkvæmda

[Mars 2013](#)

Eftirlit

[Framkvæmdasýsla ríkisins og Háskóli Íslands](#)

Lok framkvæmda

[Maí 2013](#)